

Fundinn sátu:

Steinn Jóhannsson, Helga Jóhannsdóttir (ritari) og Halldóra Björt Ewen (fulltrúi kennara).

Mættir á TEAMS: Unnur Lilja Hermannsdóttir (formaður), Nína María Morávek (foreldraráð), Margrét M. Norðdahl, Ragnar Guðmundsson, Ásdís Þórólfsdóttir (fulltrúi kennara), Karl Sigurðsson og Hildur Sverrisdóttir..

Forföll: Ari Hallgrímsson forseti NFMH

Skólahald á vorönn:

- Í byrjun annar var kennt í MH fyrir hádegi og í rafrænu umhverfi eftir hádegi. Þetta fyrirkomulag virkaði vel og höfðu nemendur 50 mínútur til að koma sér á milli skóla og heimilis. IB nemendur voru í 100% staðnámi frá byrjun þar sem þeir eru í bekkjarkerfi. Frá og með 1. febrúar var farið í fullt staðnám. [Sjá nánar](#) um skipulag vorannar á tímum Covid á heimasíðu skólans.
- 25. febrúar barst skólanum sprengjuhótun og var það lán í óláni að kennsla þann dag var ekki byrjuð og einungis rektor og húsvörður í húsi. Í framhaldinu var fundað með Láru Stefánsdóttur sem er fulltrúi framhaldsskólanna á gerð viðbragðsáætlunar um viðbrögð í neyðartilvikum. Við lítum á þetta sem góða æfingu sem gekk vel og fengum hrós fyrir.
- Nemendur virðast vera rólegir yfir jarðskjálftum og taka þessu með ró.
- Lagningardagar heppnuðust vel og erum við ánægð með að hafa getað haldið þá þrátt fyrir fjöldatakmarkanir og annmarka Covid. Dagarnir voru tveir að þessu sinni og nemendur skráðu sig á viðburðina á heimasíðu NFMH. Á skólaþingi voru tvö mál til skoðunar: Kennsla eftir Covid-19 annars vegar félagslífið í MH fyrir, í og eftir covid hins vegar. Margar góðar hugmyndir komu fram og hefur stjórn NFMH og kennarar fengið lista til að skoða.
- [Skólakynningar](#) eru með öðru fyrirkomulagi en vanalega og bóka nemendur tíma í kynningar hjá námsráðgjöfum. Vegna aðsóknar hefur verið bætt við kynningu eftir páska og er bókað í hana á heimasíðunni. Skólinn lét útbúa mikið [kynningarefni](#) og er það allt aðgengilegt á heimasíðunni.
- [Listaverkasamkeppni](#) er í gangi um skreytingar á nýjum göngum Undirheima og er opið fyrir umsóknir til 15. mars.
- Fjölnámsbraut er nýja nafnið á sérnámsbrautinni okkar og er hún enn í staðfestingarferli hjá ráðuneytinu sem lýkur með birtingu í næstu stjórnartíðindum.

Næsti fundur miðvikudaginn 9. júní 2021

Ritari: Helga Jóhannsdóttir